

Margar góðar

gjafir bárust kirkjunni af þessu tilefni, og skal þar fyrst nefna forkunnarfagurt altarisklæði, er þau hjónin Steinunn Magnúsdóttir og Skúli Halldórsson tónskáld gáfu, til minningar um fósturmóður Steinunnar, frá Guðrúnu Hákonardóttur frá Nýlendu, þá gáfu barnabörn Ketils í Kotvogi kr. 10.000,00, er varið skal til búnaðar kirkjunnar, kr. 10.000,00 gáfu systkinin frá Akrahóli í Hvalsneshverfi í orgelsjóð kirkjunnar, í minningu foreldra sinna, Sigurbjargar Torfadóttur og Guðmundar Þorsteinssonar, 5.000,00 kr. gáfu hjónin á Bala til minningar um látna dóttur sína, einnig í orgelsjóð, frá sóknarnefnd Útskálasóknar bárust 75 sálmbækur með ágyltu nafni kirkjunnar.